



## Fundargerð

**429. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 14. febrúar 2019. Þetta er 2. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 5 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;

### II. Málefni til umfjöllunar

18. Samráðshópur um tillögur að svæðum fyrir skógrækt og landgræðsluaðgerðir

*Dagskrárbreyting samþykkt.*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

*Tengingar ljósleiðara í neðri hluta Skafártungu eru langt á veg komnar. Ekki náðist að ljúka tengingum í janúar á Austur-Síðu og Fljótshverfi eins og til stóð vegna veðurs. Farið verður af stað aftur um leið og hægt er. Sveitarstjóri, oddviti og Arndís Harðardóttir mættu á aðalfund Bergrisans bs á Selfossi. Ungmennaráð Suðurlands stóð fyrir kynningarfundum í Kirkjubæjarskóla fyrir sveitarstjórnarmenn um handbók fyrir ungmennaráð. Fyrsti fundur vinnuhóps um þekkingarsetur var haldinn í janúar. Unnið er að undirbúningi útboðsverkefna á bilaplani við íþróttamiðstöð og lyftu við grunnskólann og er stefnt að því að verkefnið verði boðin út í lok mars eða byrjun apríl. Umsóknarfrestur um samstarfsverkefni Skaftárhrepps og Kirkjubæjarstofu um starf atvinnu- og kynningarfulltrúa rann út 1. febrúar sl. og bárust fimm umsóknir. Unnið er að yfirferð umsókna ásamt viðtölum við umsækjendur. Undirbúningur vegna ársuppgjörs og endurskoðunar hjá sveitarfélaginu er í gangi. Sveitarstjóri sat vinnufund um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og mun einnig sitja ráðstefnu á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um sama málefni. Sveitarstjóri fór á stjórnarfundum Hulu bs. í Vík. Sveitarstjóri og oddviti eiga fund í fjármála- og efnahagsráðuneytinu varðandi mögulegar lóðir á landi í eigu ríkisins á Kirkjubæjarklaustri vegna þéttingu byggðar. Sveitarstjóri hefur hitt á þingmenn sem hafa verið á ferðinni í kjörðæmavíku og afhent minnisblað með áherslumálum. Íbúafundur vegna loka verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar verður haldinn 14. febrúar þar sem staða verkefnisins verður kynnt og hugleiðingum um hvernig unnið skuli áfram með þá framtíðarsýn sem íbúar settu sér í verkefninu fram til ársins 2020. Þann 28. febrúar nk. verður haldinn almannavarnaræfing á Suðurlandi og eru sveitarfélög hvött til að yfirfara ýmsa þætti varðandi raforku- og starfsmannamál. Um kvöldið verður íbúafundur þar sem kynnt verður viðbragðsáætlun sveitarfélagsins vegna samfélagsáfalla ásamt fleiru í samstarfi við almannavarnardeild lögreglustjórans á Suðurlandi. Unnið er að gerð samnings um væntanlegt samstarf SASS og Kirkjubæjarstofu um ráðgjöf í atvinnumálum.*

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 144. fundar skipulagsnefndar, dags. 11.02.2019

#### 1. 1901004 Þétting byggðar á Kirkjubæjarklaustri – Ný byggingasvæði

Margrét Ólafsdóttir Landmótun kynnir hugmyndir um þéttingu byggðar.

*Skipulagsnefnd þakkar Margréti fyrir góða kynningu.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'AK', 'KG', 'AS', and 'AS'.*



*Skipulagsnefnd leggur til að haldið verði áfram með skipulagshugmyndir á Preststúni, og við Læknisbústað. Jafnframt leggur skipulagsnefnd til að hafist verði handa við skipulagsvinnu austan og vestan Meðallandsvegur í landi Hæðargarðs.*

*Jóna Björk styður fyrst og fremst þær hugmyndir að ráðist verði í frekari skipulagsvinnu á Preststúni og við Læknisbústað.*

*EBH, BG, KG og AH staðfesta afgreiðslunefndarinnar. JBJ situr hjá.*

### **3. 1706011 Breyting á aðalskipulagi – Þéttbýlisuppráttur – KBS/Íþróttasvæði**

*Breyting á aðalskipulagi – Þéttbýlisuppráttur – Íþróttasvæði – Heimild til auglýsingar*

*Skipulagsnefnd leggur til að óskað verði heimildar Skipulagsstofnunar að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### **4. 1805002 Breyting á aðalskipulagi í Hrífunesi.**

*Um er að ræða breytingu þar sem gert er ráð fyrir stækkun á verslunar- og þjónustusvæði (V2) við Hrífunes, svæðið stækki úr 19 ha í 46 ha og frístundasvæði í Hrífunesi (F3) minnkar úr 258 ha í 233 ha. - Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá 21. desember 2018 – 10. febrúar 2019 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.*

*Aðalskipulagsbreytingin samþykkt með þeim fyrirvara að greinargerðin taki tillit til framangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

### **5. 1807004 Breyting á deiliskipulagi í Hrífunesi.**

*Breytingin felur í sér að stækka skipulagsreit V2 fyrir verslun- og þjónustu þannig að göturnar Stóratörfa og Mástorfa falli inn í reitinn. - Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá 21. desember 2018 – 10. febrúar 2019 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.*

*Skipulagsnefnd bendir á nauðsyn þess að aðgengi slökkviliðs að slökkvivatni sé tryggt. Deiliskipulagið samþykkt að öðru leiti og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

## **II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

### **1. 1710001 Samningur um rekstur Náttúrustofu Suðausturlands**

*Fyrir fundinum liggur samningur á milli Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Skaftárhrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Drög að samningnum hafa áður verið til umfjöllunar sveitarstjórnar. Í fyrirliggjandi samningi hefur verið tekið tillit til athugasemda sem gerðar voru. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir sína hönd.*

### **2. 1902004 Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Kirkjugólf. Umhverfisstofnun, dags. 07.02.2019.**

*JBJ*  
*KG*  
*EBH*  
*AH*



*Umhverfisstofnun óskar eftir að Skaftárhreppur tilnefni fulltrúa í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Kirkjugólf. Sveitarstjórn þakkar erindið og fagnar því að ummin verði áætlun fyrir náttúruvættið. Sveitarstjórn tilnefnir Katrínu Gunnarsdóttur í samstarfshópinn fyrir sína hönd. Sveitarstjórn bendir á að Náttúrustofu Suðausturlands verði einnig boðið til samráðs við gerð áætlunarinnar.*

3. 1710003 Hæðargarður – breyting á skipulagi. ASK Arkitektar, dags. 31.01.2019.  
*Sveitarstjórn þakkar kynninguna og þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um þjónustumiðstöð og íbúðabyggð. Sveitarstjórn bendir forsvarsmönnum verkefnisins á að senda inn umsókn um breytingu á skipulagi í samræmi við 36. og 38. gr skipulagslaga nr. 123/2010.*
4. 1808008 Beiðni um umsögn vegna umsóknar frá Eldhrauni ehf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II frístundahús. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 22.01.2019.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
5. 1902005 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Rúnars Þ. Guðnasonar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 21.01.2019.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.*
6. 1902006 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Bæjar hf. um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki IV. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 28.01.2019.  
*EBH, KG, AH og JBJ gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason situr hjá vegna aðkomu á síðari stigum sem slökkviliðsstjóri.*
7. 1902007 Endurskoðun sorphirðu og sorpeyðingar í Skaftárhreppi  
*Íslenska gámafélagið hefur sagt upp sorphirðusamningi við sveitarfélagið sem rennur út í lok október á þessu ári. Vinna þarf að endurskoðun sorphirðu-, sorpeyðingar og úrgangsmála í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur umhverfis- og náttúruverndarnefnd að koma með tillögu að fulltrúum í vinnuhóp.*
8. 1902008 Hundasvæði á Kirkjubæjarklaustri. Inga Sjöfn Arnbergsdóttir, tölvupóstur dags. 13.01.2019.  
*Fyrir fundinum er ábending um möguleika á hundasvæði fyrir hundaeigendur á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur skipulagsnefnd að skoða málið.*
9. 1901006 Frumvarp til laga á breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur), mál 356

## **Z- listi leggur fram eftirfarandi bókun vegna málsins;**

*Rannsóknir hafa sýnt að margir unglingar þjást af kvíða og ýmiskonar vanliðan og er stytting framhaldsskólans meðal annars talin hafa aukðið álag á unglingana. Ekki er æskilegt að bæta við það því álagi sem fylgir kosningagabaráttu, Aðferðir frambjóðenda og stuðningsmanna þeirra hafa verið vafasamar í undangengnum kosningum, ýmiskonar áreiti, þar sem nafnlausum áróðri og falsfréttum hefur verið dreift um á netinu er áberandi. Reglur um að ólögmeiti þess hafa litlu breytt. Það er ekki af því að við treystum ekki unglingunum til að kjósa af skynsemi heldur frekar að álagið sem fylgir því að*



standast þrýsting þeirra sem bjóða fram verði of mikið. Börn eru börn í skilningi laga til 18 ára aldurs og því ætti kosningarréttur að miðast við þann aldur. Það hlýtur að vera markmið að horfa alltaf á hagsmuni barnsins.

## **D-listi leggur fram eftirfarandi bókun;**

*D-listi tekur undir með LUF varðandi lækkun kosningaaldurs í 16 ár til sveitarstjórnarkosninga.*

*Við sveitarfélagið er virkt ungmennaráð sem hefur fullan hug á að láta rödd sína heyrast. Við 16 ára aldur eru ungmennin farin að skila til samfélagsins sköttum og gjöldum á við fullorðna einstaklinga ásamt því að skólaskyldu líkur, og ungmennin eru farin að bera ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart sakhæfi og refsíábyrgð. Því skýtur það skökku við að þau hafa enga aðkomu í dag að ákvörðunum varðandi hvernig farið er með þeirra framlag til samfélagsins.*

*D-listi telur að lækkun kosningaaldurs feli einnig í sér ákveðna valdeflingu ungmennanna, að með því að ala þau upp í virkri þátttöku við ákvarðanir sem snerta þeirra nærsamfélag þá eflist þekking þeirra á málefnum samfélagsins ásamt því að auka tilfinningu þeirra fyrir því að þeirra sé þörf í samfélaginu. Slík valdefling er líkleg til að skila hærra hlutfalli af unga fólkinu okkar aftur heim í sveitarfélagið að loknu námi.*

*Aftur á móti telur D-listi að kjörgengi þurfi að fylgja sjálfræðisaldrinum.*

- 10.** 1611012 Brunavarnaráætlun Skaftárhrepps 2019-2023 – síðari umræða  
*Sveitarstjórn þakkar slökkviliðsstjóra fyrir vinnu í þágu brunavarnaráætlunarinnar. Sveitarstjórn staðfestir Brunavarnaráætlun Skaftárhrepps 2019-2023 og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir sína hönd.*
- 11.** 1807016 Endurskoðun aðalskipulags – tilnefning í vinnuhóp  
*D-listi tilnefnir Evu Björk Harðardóttur, Jón Hrafn Karlsson og Rúnar P. Guðnason. Z-listi tilnefnir Jónu Björk Jónsdóttur og Berg Guðnason. Sveitarstjóri, skipulags- og byggingarfulltrúi og fulltrúi frá Landmótun munu starfa með vinnuhópnum.*
- 12.** 1902009 Samþykktir um stjórn og fundarsköp  
*Sveitarstjórn samþykkir að hafin verði endurskoðun á samþykktum Skaftárhrepps um stjórn og fundarsköp til samræmis við núverandi fyrirkomulag í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Sveitarstjórn falið að koma ábendingum og tillögum til sveitarstjóra.*  
  
*Þjarki Guðnason vikur af fundi. Jón Hrafn Karlsson 1. varamaður D-lista kemur inn í hans stað.*
- 13.** 1902010 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að hefja vinnu við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnu sveitarfélagsins.*
- 14.** 1608020 Málefni Fjaðrárgljúfurs  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar skjót viðbrögð Umhverfisstofnunar varðandi landvörslu í Fjaðrárgljúfri og fagnar því að tekist hafi að leysa fjármögnun árið 2019 m.a. í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð.*
- 15.** 1807012 Fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu



*Athugasemdir bárust frá tveimur aðilum við fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda athugasemdirnar áfram til héraðsnefndar til úrvinnslu. Síðari umræðu um fjallskilasamþykkt Vestur-Skaftafellssýslu frestað.*

## 16. 1710010 Rekstraryfirlit 2018

*Sveitarstjóri fer yfir rekstraryfirlit og stöðu í lok árs 2018. Reksturinn er á áætlun.*

## 17. 1902011 Umhverfismarkmið

*Samkvæmt gr. 2.1 í starfsleyfi Skaftárhrepps fyrir urðunarsvæðið á Stjórnarsandi skal sveitarfélagið setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Sveitarstjórn felur umhverfis- og náttúruverndarnefnd að koma með tillögu að umhverfismarkmiði fyrir Skaftárhrepp.*

## 18. Samráðshópur um tillögur að svæðum fyrir skógrækt og landgræðsluaðgerðir

*Sveitarstjórn óskar eftir að komið verði á fót samráðshóp Skaftárhrepps, Skógræktar og Landgræðslunnar til að skoða tillögur að svæðum í Skaftárhreppi sem koma til greina fyrir skógrækt og/eða landgræðsluaðgerðir. Verkefnið getur haft í för með sér fjölþættan ávinning m.t.t. loftslagsmála, líffræðilegrar fjölbreytni, aukins þols gagnvart náttúruvá og aukinna möguleika í atvinnumálum. Sveitarstjóra falið að óska eftir tilnefningum tveggja fulltrúa hvorrar stofnunar fyrir sig. Sveitarstjórn tilnefnir Jón Hrafn Karlsson og Jónu Björk Jónsdóttur fulltrúa sveitarfélagsins í samráðshópinn.*

### III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 2. fundar stjórnar Skógasafnsins, dags. 12.11.2018. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 63. fundar félagsmálanefndar, dags. 17.01.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 122. fundar rekstrarnefndar Klausturhóla, dags. 10.01.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 193. fundar Heilbrigðisnefndar, dags. 23.01.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð stjórnarfundar Hulu bs., dags. 07.02.2019. *Fundargerð kynnt.*

### IV. Annað kynningarefni


1. Eftirlitsskýrsla – Urðun á Stjórnarsandi. Umhverfisstofnun, dags. 22.11.2018. *Kynnt.*
2. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lánasjóður sveitarfélaga, dags. 11.02.2019. *Kynnt*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 14. mars 2019

Fundi slitið kl. 15:22


  
Eva Björk Harðardóttir

  
Katrín Gunnarsdóttir

  
Arndís Harðardóttir

Bjarki Guðnason

  
Jóna Björk Jónsdóttir

  
Jón Hrafn Karlsson